

Frá Söngkór Hraungerðisprestakalls

Nú fer vetrarstarf kórsins að hefjast. Ingimar Pálsson hefur verið ráðinn nýr stjórnandi kórsins og mun hann stjórna æfingum á þriðjudagskvöldum í vetur.

Fyrsta æfing verður í Þingborg þriðjudagskvöldið 2. október og hefst kl. 21:00. Nýir og gamlir félagar eru boðnir velkomnir á æfinguna og að taka þátt í spennandi starfi kórsins í vetur.

Dagskrá mánaðarins

Átthagafræði í Þjórsárverri	1. október
Kóræfing í Þingborg	2. október
Messa í Hraungerðiskirkju	7. október
Átthagafræði í Félagslundu	8. október
Íþróttæfing í Þjórsárverri	10. október
Aðalf. Sauðfjárræktarfélags Villingah.hr.	10. október
Dansnámskeið	12. október
Messa í Villingaholtskirkju	14. október
Átthagafræði í Þingborg	15. október
Íþróttæfing í Þjórsárverri	17. október
Dansnámskeið	19. október
Folaldasýning	20. október
Átthagafræði í Þjórsárverri	22. október
Íþróttæfing í Þjórsárverri	24. október
Dansnámskeið	26. október
Átthagafræði í Félagslundu	29. október
Íþróttæfing í Þjórsárverri	31. október



Áveitan



7. tbl. okt. 2007. 1. árgangur.

Útg: Umf. Samhygð og Umf. Vaka.

Áb: Fanney Ólafsdóttir og Stefán Geirsson.

Netföng: fanneyo@visir.is og stegeir@hotmail.com

Dansnámskeið

Nú er komið að því sem allir hafa beðið eftir. Haldið verður dansnámskeið þar sem kennd verða réttu sporin fyrir ballvertíðina framundan. Námskeiðið verður haldið á föstudagskvöldum í **Félagslundu** og hefst stuðið klukkan **20:30** og stendur til 22:30. Kennt verður í fimm skipti og hefst námskeiðið **12. október** n.k. og stendur til 9. nóvember. Kennari á námskeiðinu er Guðrún Tryggvadóttir og verður hún með vel valda einstaklinga sér til aðstoðar. Verðið verður sanngjarnt.

Nú er bara um að gera og drífa sig af stað og slá í gegn á böllunum í vetur. Æskilegt er að fólk skrái sig á námskeiðið fyrir 10. október og er hægt er gera það í síma 4863319 eða með netpósti lyngh@emax.is. Ef fólk fær hinsvegar skyndilega löngun til að mæta og taka þátt þá er það í góðu lagi. Sjáumst á dansnámskeiði.

Ungmennafélagin.

Frá sveitarstjóra

Umhverfisverðlaun Flóahrepps

Umhverfisverðlaun Flóahrepps fyrir árið 2007 voru afhent föstudaginn 7. september.

Veitt voru verðlaun fyrir lögbýli og opinbera stofnun sem þóttu skara fram úr varðandi snyrtimennsku og góða umhirðu.

Lögbýlið Stóru Reykir fékk verðlaun sem snyrtilegasta lögbýlið og félagsheimilið Þjósárver fékk verðlaun sem snyrtilegasta opinbera stofnunin.

Það var umhverfisnefnd Flóahrepps sem hafði veg og vanda að valinu samkvæmt fyrirframgefnum forsendum sem voru eftirfarandi fyrir lögbýli:

“Tún í góðri rækt, girðingar uppstandandi og vel hirtar, öll hús gömul sem ný í góðu ásigkomulagi. Vel og snyrtilega gengið frá öllum vélum svo og heyiforða.”

Stóru Reykir stóðust allar ofangreindar forsendur ásamt því að garðrækt við íbúðarhúsin er mjög til fyrirmyndar og gerir ásýnd bæjarins glæsilega og snyrtilega heim að líta.

Þjósárver hefur á síðustu árum verið sýnd mikil alúð við fegrun og bætur umhverfis.

Umhverfi Þjósárvers er fallett og vel um það hugsað, sama hvar litið er. Tré eru í góðri rækt sem og grasflatir og bílastæði mjög vel hirt og til fyrirmyndar.

Staðarhaldari Þjósárvers, Valdimar Össuaron og húsnefnd Þjósárvers, ábúendur Stóru Reykja, þau Gísli Hauksson og Jónína Einaradóttir ásamt Sigurbjörgu Geirsdóttur eru því vel að verðlaununum komin og fá bestu hamingjuóskir með þau.

Í verðlaun voru skrautletrað skjal, undirritað af umhverfisnefnd ásamt 50.000 kr. ávísun. Einnig verða sett upp skilti á hvorn stað merkt umhverfisverðlaun 2007.

Ferðasaga úr Flatey

Í byrjun ágústmánaðar fórum við fjögur frá Selfossi til Stykkishólms og þaðan með Flóabátnum Baldri til Flateyjar. Fórum frá Stykkishólmi kl. 15:45. Vorum komin til Flateyjar kl. 17:15. Þar gengum við á land, fórum um alla eyju, skoðuðum hús og fólk. Þar var margt að sjá og mikið að fræðast um eyjaskeggja.

Um aldamótin 1800 og 1900 bjuggu um 400 manns í Flatey. Núna eru 10 menn skrifaðir þar. Frá Flatey var mesta útflutningsverslun frá Íslandi. Saltfiskur, kindkjöt, fuglakjöt og svolítið af dún. Þarna var mesta matarkista landsmanna.

Í Flatey eru á milli 30 og 40 íbúðarhús öll í góðu standi. Nýbúið að gera þau upp og nýmáluð. Þar er kirkja í góðu standi, tekur 150 manns í sæti. Meira að segja eru bekkirnir í kirkjunni svo góðir að það er gott að sitja í þeim. Hún var byggð 1926. Um 1990 var hún máluð af Baltasar Samper. Í hvelfingu eru mörg listaverk. Altaristafla er einnig máluð eftir Baltasar. Jesú stendur fyrir miðju í töflunni í góðri lopa-peysu, bændurnir sem búa í Flatey sitja sitt hvoru megin við hann. Það er gert með vilja svo þeir þurfi ekki að tala saman.

Á bak við kirkjuna stendur lítið hús sem er bókasafn, fyrsta bóka-safnið á Íslandi. Þar er meira að segja Flateyjarbók í glerkassa, mjög snyrtilegt. Í dag er hægt að panta gistingu í Flatey því hótél var útbúið fyrir tveimur árum. Það eru 3 konur sem því stjórna, allar úr Árnæssýslu. Guðmundur Páll Ólafsson rithöfundur fræddi mann um ýmislegt sem gerst hefur í Flatey. Sjálfur á hann þar hús og er öll sumur að smíða, hann var að gera upp gamla sláturhúsið. Sagðist verða kannski búin með það eftir 2-3 sumur. Flatey tilheyrðu 50 eyjar. Búið á mörgum er hinar hafðar til beitar.

Þegar við vorum að fara daginn eftir og komum niður á bryggju þá var Baltasar Kormákur kominn þangað með allt sitt kvikmyndalið að taka myndir af öllu sem fram fór á bryggjunni.

eke

Aðalfundur Sauðfjárræktarfélag Villingaholtshrepps

verður haldinn í Þjósárveri miðvikudaginn 10. október kl. 20:30. Afhent verða verðlaun fyrir stigahæstu lömb og veturgömlu hrúta haustsins. Nýir félagar velkomnir.

Stjórnin

Fréttir frá Umf. Vöku

Æfingar

Frjálsípróttæfingar verða á miðvikudögum í vetur kl. **18:00-19:30**. Fyrsta æfingin verður 10. október og hvetjum við alla krakka til að mæta. Þjálfari verður Haraldur Einarsson.

Kornskurðarballið

Kornskurðarballið verður laugardagskvöldið 24. nóvember. Jón Bjarnason leikur fyrir dansi af sinni alkunnu snilld. Takið daginn frá og byrjið að æfa danssporin. Nánar auglýst í næstu Áveitu.

Uppgjör eftir reiðtúrinn

Reiðtúr ungmennafélagsins fór fram 2. september. Mæting var góð og mættu 15 manns og 32 hross. Riðið var upp í Skagás í blíðskaparveðri og borðað nesti.

Hestaleigunni á Egilstöðum 1 er hér með þakkað kærlega fyrir lán á hestum og þeim sem mættu vil ég þakka samveruna þennan daginn.

gó

Unglingalandsmótið

Unglingalandsmót UMFÍ var haldið á Höfn í Hornafirði um verslunarmannahelgina í sæmilegu veðri, en ansi hvasst var flesta dagana en hélt þó þurrt.

Meðal keppenda fyrir HSK var einn aðili úr Vöku, Erlingur Snær á Skúfslæk, og náði hann að verða í 3. sæti í golfi með forgjöf.

Folaldasýning

Hrossaræktardeild Villingaholtshrepps stendur fyrir folaldasýningu í Kolsholti laugardaginn 20. október 2007.

Sýningin hefst kl. 14:00.

Félagsmenn er hvattir til að mæta með falletustu/efnilegustu folöldin sín. Allir eru velkomnir meðan húsrúm leyfir og ganga félagsmenn fyrir í skráningu.

Skráning hjá Erling Sæmundssyni í Skálatjörn í síma 898-8779 og 483-3570.

Seinasti dagur skráningar er miðvikudagurinn 17. október 2007.

Stjórnin

Sorpdagatal

Unnið er að gerð sorpdagatala og sorphirðuhandbókar fyrir árið 2008 í Flóahreppi þar sem merktir eru þeir dagar sem sorphirða og plasthreinsun er í sveitarfélaginu, gámasvæðin kynnt og sú þjónusta sem þar er boðið upp á og margt fleira sem viðkemur sorphreinsun og flokkunar-möguleikum.

Reiknað er með að sorpdagatali verði dreift í lok ársins.

Þeir bændur í Flóahreppi sem afhent hafa plast til endurvinnslu fá hrós frá Íslenska Gámafélaginu fyrir hreint og þurrt plast og góðan frágang.

Áhættumat

Kynning á áhættumati vegna virkjunar í neðri hluta Þjórsár hefur enn ekki farið fram þar sem vinna við það hefur dregist. Reiknað var með að áhættumat yrði tilbúið í byrjun september en að öllum líkindum verður það ekki tilbúið fyrr en í byrjun október.

Stefnt er að því að kynna áhættumatið fyrir íbúum sveitarfélagsins.

Vatnsmál

Verkfræðingar frá VST á Selfossi eru að skoða veitumál í Flóahreppi þessar vikurnar.

Þeir voru fengnir til að gera úttekt á dreifikerfi kaldavatnsveitu með það í huga að forgangsraða framkvæmdum til lagfæringar og endurbóta á því. Jafnframt verður reynt að skoða íbúabróun næstu 30 ára með vatnsöflun í huga en stefnt er að því að fara í samstarf við eitthvert nágrannasveitarfélag um vatnsöflun og leggja niður vatnsvernd í sveitarfélaginu.

Almenn hitaveituvæðing í Flóahreppi er einnig til skoðunar og hvernig heppilegast sé að standa að henni.

Þetta eru verkefni sem ekki verða leyst á einni nóttu en afar brýnt er að koma kaldavatnsmálum í viðunandi horf sem allra fyrst eins og íbúar Flóahrepps þekkja vel.

Átthagafræði, Flóahreppur land og saga

Námskeiðið Flóahreppur, land og saga, átthagafræði í ellefu hundruð ár, hefst mánudaginn 1. október og lýkur 3. desember, alls 20 stundir.

Námskeiðið verður í félagsheimilum sveitarfélagsins, Þjórsárveri, Félagslundu og Þingborg kl. 20.30-22.30.

Fræðslunet Suðurlands ásamt þeim Kristínu Stefánsdóttur, Margréti Stefánsdóttur og Guðmundi Stefánssyni hafa gert drög að stundaskrá sem dreift hefur verið á hvert heimili í Flóahreppi. Stundaskrána má einnig sjá á heimasíðu Flóahrepps, www.floahreppur.is

Íbúafjöldi

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni var fjöldi íbúa í Flóahreppi 561 í apríl síðastliðnum. Karlar voru 298 og konur 263.

Við stofnun Flóahrepps fyrir rúmu ári síðan voru íbúar um 526 þannig að fólksfjöldun var rétt um 7% á tæpu einu ári.

Sveitarstjórn fagnar öllum nýjum íbúum og býður þá velkomna í sveitarfélagið, bæði aðfluttum og nýfæddum.

Að gefnu tilefni

Kæru sveitungar,
Við mæðgur erum stundum úti að labba hér á Gaflsveginum, og eins og allir vita er vegurinn ekki malbikaður og ekki gangstétt við hliðina, og taka flestir tillit til þess og lækka hraðann umtalsvert þegar farið er fram hjá okkur. Því miður þá gera það ekki allir og bregður okkur stundum ansi mikið þegar komið er aftan að okkur á mikilli ferð með tilheyrandi ryki og stundum steinkasti. Veðrið er nú stundum þannig að maður heyrir ekki vel hvort einhver er að koma, sérstaklega í miklu roki. Okkur langaði að vekja athygli ykkar á þessu og vonum að þið hugsið ykkur aðeins um!
Takk.
Sólveig og Laufey á Skúfslæk II

Pistillinn

Sælir sveitungar.

Ég vil þakka nágranna mínum henni Ernu fyrir áskorunina og um leið vil ég óska þeim til hamingju með nýja húsið og litlu dömuna. Ég kom ekki upp einu einasta orði þegar mér var sýndur pistill síðustu Áveitu og ég fékk eiginlega ritstíflu á staðnum. En eftir örlytla meltingu sá ég hvað þetta er frábær siður, skemmtilegur og einungis til gamans gerður eins og svo margar hefðir hérna í Flóanum. Best finnst mér þó að líta aðeins upp úr námsbókunum, en þær taka sífellt stærri toll af deginum eftir því sem líður á veturinn.

Ég tek undir þau orð Ernu að aldrei hefði mér dottið í hug að flytja í sveit fyrir nokkrum árum, en annað hefur komið uppá teninginn. Sjálf ólst ég upp á Hvolsvelli og fannst mér höfðatalan þar ekki mega vera lægri. Enda lá leiðin til Reykjavíkur við fyrsta tækifæri, það er þegar ég fór í menntaskóla. Ég entist ekki lengur en 1 ½ ár þar, og fór austur allar helgar, þó oft ekki lengra en á Selfoss þar sem alltaf var eitthvað um að vera og ekki mátti missa af neinu.. annað en í dag.

Loks hef ég fundið samastað og það góðann. Hér get ég dregið frá stofuglugganum án þess að ná beinu augnsambandi við þrjár fjölskyldur hinum megin glersins. Hér get ég skokkað um móann án þess að finna gagnrýnin augu hvíla á mér. Hér get ég spilað tónlist að mínum smekk eins hátt og ég vil, án þess að fá samviskubit og eiga vona á lögreglu að þagga niður í látunum. Svona gæti ég haldið endalaust áfram, þetta eru forréttindi.

Sveitin er yndisleg! Sjáumst á Kornskurðarballi.

Ég vil skora á Þórunni Elvu mágkonu mína.

Thelma Dröfn Ásmundsdóttir, Árgerði

Messur

Hraungerðiskirkja: Messa sunnudaginn 7. október kl. 13:30. Nýr organisti boðinn velkominn. Vænst er þátttöku fermingarbarna og aðstandenda þeirra.

Villingaholtskirkja: Messa sunnudaginn 14. október kl. 13:30. Nýr organisti boðinn velkominn. Vænst er þátttöku fermingarbarna og aðstandenda þeirra.
Sóknarprestur